



Alþýðusamband Íslands

Verklagsreglur fyrir verðlagseftirlit ASÍ

Markmið verðlagseftirlitsins

Markmið verðlagseftirlitsins er að upplýsa almenning um verðlag á vörum og þjónustu hjá söluaðilum á neytendamarkaði. Aðgangur að traustum upplýsingum um verðlag á markaði er forsenda þess að neytendur geti tekið upplýstar og ígrundaðar ákvarðanir um hvert þeir beina viðskiptum sínum. Með þessu móti skapa virkir neytendur aðhald og ýta undir samkeppni milli söluaðila. Verðlagseftirlitið gerir eingöngu verðsamanburð en leggur ekki mat á gæði eða þjónustu söluaðila.

Verðlagseftirlitið hefur sett sér eftirfarandi verklagsreglur við framkvæmd verðkannana sem tryggja gegnsæi og samræmi í starfseminni.

Framkvæmd verðkannana

1. Verklagsreglur þessar ná til verðkannana sem hafa þann tilgang að bera saman söluverð til neytenda milli söluaðila.
2. Verðlagseftirlitið gætir fyllsta hlutleysis við öflun upplýsinga, úrvinnslu og birtingu verðkannana. Verðlagseftirlitið byggir niðurstöður sínar eingöngu á þeim upplýsingum sem aflað er af starfsfólki þess.
3. Ávallt skal tryggt að söluaðilar hafi enga vitneskju um fyrirhugaða verðkönnun áður en hún er framkvæmd.
4. Verðlagseftirlitið gætir tölfræðilegrar nákvæmni við úrvinnslu gagna.
5. Starfsmenn verðlagseftirlitsins eru bundnir trúnaði og skulu ávallt gæta fyllsta hlutleysis og nákvæmni í störfum sínum.
6. Verðkannanir skal framkvæma hjá viðkomandi söluaðila en ekki nota verðupplýsingar sem fengnar eru í gegnum síma, úr blöðum, o.þ.h.
7. Verðkannanir hjá þjónustufyrirtækjum sem selja þjónustu sem ekki er veitt á sölustað, s.s. fjarskiptafyrirtæki, orkuveitur, fjármálafyrirtæki og opinberir aðilar, skulu gerðar skv. gildandi gjaldskrár við framkvæmd könnunar.
8. Verðkönnun skal gerð á sama tímabili hjá öllum aðilum sem könnunin nær til.
9. Skrá skal verð í verðkönnun skv. verðmerkingu söluaðila, þ.e. á eða við hillu verslunar eða þar sem verð er birt neytendum með skýrum og greinilegum hætti. Enda er það skylda söluaðila, skv. lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og reglugerð nr. 725/2008¹, að hafa skýrar, aðgengilegar og greinilegar verðmerkingar á sölustað svo augljóst sé til hvaða vöru eða þjónustu verðmerkingin vísar.
10. Vara sem skráð er niður verð á í verðkönnun, skal vera aðgengileg og sýnileg öllum viðskiptavinum með greinilegum hætti.
11. Verðlagseftirlitið er sjálfstætt í starfi sínu og framkvæmir kannanir án afskipta söluaðila. Hafi fulltrúi söluaðila afskipti af verðtökuaðila við framkvæmd ber verðtökuaðilanum að gera grein fyrir sér en óska jafnframt eftir næði til þess að framkvæma könnunina. Verði fulltrúi söluaðila ekki við þeirri beiðni eða reyni með öðrum hætti að

¹ Nýjar reglur um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum nr. 536 tóku gildi 31. maí 2011

hafa áhrif á framkvæmd eða niðurstöður könnunar verður fyrirtæki hans vísað úr könnuninni og þess getið við birtingu niðurstaðna.

12. Hafi fulltrúi frá samkeppnisaðila, sem staddur er í verslun þegar verðkönnun fer fram, afskipti af framkvæmd könnunar, skal verðtökuaðili óska eftir næði til þess að framkvæma könnunina. Samkeppnisaðili skal hvorki hafa afskipti af né fylgjast með framkvæmd könnunarinnar. Verði fulltrúinn ekki við þeirri beiðni eða reyni með öðrum hætti að hafa áhrif á framkvæmd eða niðurstöður könnunar, verður fyrirtæki hans vísað úr könnuninni og þess getið við birtingu niðurstaðna.
13. Heimili söluaðili ekki verðtökuaðila að framkvæma verðkönnun í verslun sinni skv. þessum verklagsreglum skal þess getið með óhyggjandi hætti við birtingu niðurstaðna.
14. Birta skal niðurstöður verðkannana svo fljótt sem verða má að framkvæmd lokinni.

Samþykkt í miðstjórn ASÍ 20.mái 2009